

Skýrsla verkefnisstjóra innra mats

Starfsárið 2006-2007

Í upphafi þessarar skýrslu er rétt að geta þess að í apríl 2006 var könnun send til foreldra nemenda í ME ("foreldrakönnun") og voru svör úr henni að berast fram á sumar það ár. Auk þess lauk vinnu við skýrslugerð vegna Könnunar á högum og viðhorfum nemenda við Menntaskólann á Egilsstöðum ("stóru skýrslu"), sem lögð var fyrir haust 2005, ekki fyrr en í júní 2006. Að beiðni skólameistara gerði undirritaður einnig drög að starfslýsingu verkefnisstjóra innra mats í júní 2006.

Haustönn 2006

Á starfsdögum þann 22. ágúst var boðað til fyrsta fundar vetrarins í innra mati. Nokkrar breytingar höfðu orðið á hópnum frá fyrri vetri þar sem Páll Jakob Malmberg var hættur störfum við skólann, Jóney Jónsdóttir farin í fæðingarorlof og Helgi Ómar Bragason dró sig út úr hópnum. Fyrir fundinn var búið að undirstinga Þorbjörn Rúnarsson, Sigrúnu Blöndal, Sigrúnu Hrafnisdóttur og Ingibjörgu Bergmundsdóttur að koma til starfa í hópnum og voru þau öll tilbúin til þess. Hópin skipa því Jón Ingi Sigurbjörnsson, Sigurður Ingólfsson, Sigrún Blöndal, Sigrún Hrafnisdóttir, Ingibjörg Bergmundsdóttir, Þorbjörn Rúnarsson og Arnar Sigbjörnsson (verkefnisstjóri).

Auk þess að ræða um breytingar á hópnum á fundinum var stóra skýrslan frá vorinu á undan lögð fram og efni hennar rætt. Var ákveðið að eftirtaldir aðilar fengju eitt eintak: Menntamálaráðuneyti, skólamestari, bókasafn, verkefnisstjóri innra mats, skólanefnd, kaffistofa kennara. Einnig hefur matráðskona mötuneytis ME fengið þann hluta skýrslunnar afhentan er

snýr að mötuneyti. Á fundinum var einnig farið í gegnum næstu skref innra matsins, en þau koma fram hér að aftan.

Í byrjun september útbjó undirritaður heimasíðu innra mats, þar sem m.a. má sjá framtíðaráætlun starfsins og lesa skýrslur sem hópurinn hefur staðið að undanfarin misseri. Þann 8. september kom Sigurlína Davíðsdóttir í heimsókn og hélt fyrirlestur um innra mat fyrir meðlimi hópsins. Í staðinn fékk hún að leggja könnun fyrir kennara skólans, og sagðist myndi senda okkur niðurstöður hennar þegar þær lægju fyrir.

Á haustdögum barst athugasemd frá ráðuneyti um að sjálfsmatsáætlun innra mats væri ekki fullnægjandi, og réðust undirritaður og Ingibjörg Bergmundsdóttir í að smíða formlega sjálfsmatsáætlun til ársins 2011. Var hún sett á vef innra mats auk þess sem skólameistari kynnti hana fyrir menntamálaráðuneyti. Engar athugasemdir hafa borist, og kýs undirritaður að túlka það þannig að áætlunin sé fullnægjandi.

Eins og fyrr segir var foreldrakönnun send út í apríl 2006 og voru svör að berast fram á sumar. Stærsta verkefni haustannar 2006 var að vinna úr svörum sem bárust og koma þeim á framfæri. Undirritaður og Jón Ingi sáu um að skrá niðurstöður í SPSS og prenta út tíðnitöflur. Innra mats hópurinn tók svo við niðurstöðum og vann frekar með þær. Í kjölfarið var gefinn út bæklingur með inngangi, niðurstöðum og umræðu. Innihald hans var sett út á heimasíðu innra mats. Á fyrri hluta vorannar 2007 var bæklingurinn kynntur á kennarafundi og honum dreift til kennara. Nemendabjónustan og stjórnendur skólans fengu eintak af bæklingnum, auk þess sem niðurstöður könnunarinnar voru ræddar á foreldrafundi. Einnig var sett tilkynning í Foreldrafréttir um að niðurstöður könnunarinnar lægju fyrir á netinu.

Á haustönn tók Þorbjörn Rúnarsson saman tölfræðilegar upplýsingar um vorönn 2006, dagskóla. Þeim upplýsingum var ekki komið formlega á

framfæri að þessu sinni, en í kjölfarið fóru fram vangaveltur um hvaða gögn er hagnýtt að taka saman á þennan hátt. Hugsanlega þarf að ræða það betur innan hópsins á haustdögum 2007.

Vorönn 2007

Á vorönn var fyrst og fremst unnið að einu verkefni, en það var könnun á yfirstjórn og fyrirkomulagi á starfsháttum ME. Hittist hópurinn 12. janúar og ræddi um vinnutilhögun við það verk. Í fyrstu var ætlunin að byggja á A-hluta Framhaldsskólarýnis, en hann var notaður á vorönn 2004. Þar sem spurningar þar þóttu óskýrar og spyrja um of þröng svið í stjórnuninni var ákveðið að semja nýjan spurningalista frá grunni. Hann var settur í Access gagnagrunn og lagður fyrir kennara í mars. Hópurinn vann svo úr niðurstöðum og lauk að mestu skýrslugerð 24. maí 2007. Skiptist hún í formála, niðurstöður, umræðu og tillögur til úrbóta. Þegar þetta er skrifað er Sigrún Hrafnadóttir nýbúin að lesa endanlega yfir skýrsluna en eftir er að koma henni á framfæri. Sigrún hefur haft það hlutverk innan hópsins að lesa yfir skjöl áður en þau eru formlega sett fram. Er ráðgert að dreifa henni til stjórnenda skólans og koma henni á framfæri við kennara. Ekki þykir rétt að birta hana í heild á vef innra mats þar sem verið er að meta einstaklinga á nokkuð nærgöngulan hátt. Þó mun verða rætt við stjórnendur um hvort rétt sé að birta umræðukafla skýrslunnar og tillögur til úrbóta á vefnum.

Fyrirliggjandi:

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun liggja tvö stór verkefni fyrir á komandi vetri. Á haustönn 2007 stendur til að endurtaka mat á fagmennsku og áherslum kennara, sem árið 2003 var metið í B-hluta Framhaldsskólarýnis. Á vorönn 2008 er svo áætlað að endurtaka könnun á meðal útskrifaðra nemenda frá ME, en slík könnun var gerð á vorönn 2005.

Í byrjun haustannar '07 er ráðgert að kynna skýrslu um yfirstjórn skólans fyrir kennurum. Einnig liggur fyrir að gera áfangamat að reglubundnum þætti í skólastarfinu, en það hefur legið niðri um hríð. Til þess að svo geti orðið þarf að finna gott mælitæki til verksins, helst sem fyrst á haustönn. Einnig þarf að koma reglu á útreikning tölfræðilegra gagna um nemendur og ákveða hvað gert er með þau gögn.

Undirritaður hefur auk þess áhuga á að taka skýrslugerð til gagngerrar endurskoðunar. Fram að þessu hafa skýrslur hópsins verið byggðar upp á mismunandi hátt, og hefur framsetningin farið eftir eðli verkefna. Þetta hefur m.a. leitt til þess að uppbyggingu hefur verið breytt í miðju verki, sem hefur kostað óþarfa aukavinnu. Líklega fer betur á því að notast við fasta staðla um uppbyggingu skýrslna svo þær hafi á sér sama blæ og ekki fari milli mála hvernig standa skuli að verki.

Fyrirsjáanlegt er að innra mats hópurinn breytist í haust þar sem Ingibjörg Bergmundsdóttir er á förum frá skólanum. Í haust þarf að finna nýjan meðlim í hennar stað.

Vinnustundir:

Undirritaður hefur haldið til haga vinnustundum sem farið hafa í fundi, úrvinnslu gagna, skýrslugerð o.fl. Á haustönn 2006 fóru samanlagt 44 klukkustundir í slíka vinnu hjá hópmeðlimum en á haustönn 2007 voru klukkustundirnar 94. Mismunurinn helgast meðal annars af því að verkefni vorannarinnar var töluvert viðameira þar sem aðeins var unnið úr gögnum foreldrakönnunar á haustönn, en vinna þurfti könnun frá grunni á vorönn, þ.e. semja spurningalista, leggja hann fyrir, vinna úr honum og skrifa skýrslu.

Inni í þessum tölum eru ekki vinnustundir sem meðlimir hópsins hafa sjálfir skráð hjá sér þegar þeir hafa unnið einir eða í smáum hópum að tilteknum verkefnum, s.s. við innslátt gagna í SPSS, prófarkalestur, gerð sjálfsmatsáætlunar og fleira í þeim dúr. Í slíkt hefur farið umtalsverður tími, sem ekki kemur fram hér. Að auki hefur undirritaður sinnt ýmsum störfum sem verkefnisstjóri innra mats, sem hvergi hafa verið skráð. Má þar nefna gerð heimasíðu, framsetningu gagna í foreldrakönnun, skoðun gagna í sambandi við sjálfsmatsáætlun og yfirllestur skýrslna með prófarkalesara svo eitthvað sé nefnt.

Egilsstöðum, 25 maí 2007,

